

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 er 15. febrúar.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1975.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

23. janúar 1975.

Nr. 29.

## **G J A L D S K R Á**

**fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.**

**Árlegur vatnsskattur.**

### **1. gr.**

- 1.1 Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnar-umdæmi Ísafjarðar, sem fá vatn frá vatnsveitunni.
- 1.2 Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 19. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.4% af fasteignamati húss og lóðar.

Lágmarksupphæð árlegs vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 700.00.

Aldrei skal reikna vatnsskatt af húsi það ár er bygging þess hefst. Hafi hús verið tengt vatnsveitunni en ekki verið virt fasteignamati skal reikna lágmarks-vatnsskatt.

**Aukavatnsskattur.**

### **2. gr.**

- 2.1 Auk vatnsskatts samkvæmt gr. 1.2 skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðapvottastöðvar, svo og skulu þeir aðrir greiða aukavatnsskatt, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.
- 2.2 Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 5.40 per rúmmetra vatns.
- 2.3 Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 2 500.00.
- 2.4 Vatnsveitan ákveður verð, skilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.
- 2.5 Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

**Um ábyrgð á greiðslu og fleira.**

### **3. gr.**

- 3.1 Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss.

Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnu-reksturs.

Útgerðarmaður skips og/eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa. Vatnsskattur greiðist á skrifstofu bæjarsjóðs Ísafjarðar.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

- 3.2 Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki. Gjöld samkvæmt þessari reglugerð skulu breytast í samræmi við breytingar er verða á vísitölu byggingarkostnaðar frá því sem hún er 1. nóvember 1974 (1455 stig), þó ekki yfir 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Heimilt er bæjarstjórn Ísafjarðar, fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 50%, hvert um sig eða öll í einu, án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar nr. 217 8. ágúst 1972.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 skal vera 15. febrúar.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1975.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur.

### 1. gr.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem hún nær yfir og getur fullnægt, svo og til Bolungarvíkurhafnar.

### 2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, kosnir af bæjarstjórn til fjögurra ára. Annast hún öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, og umsjón eigna, undir yfirstjórn og í samráði við bæjarstjórn.

### 3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast bæjarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga og fylgja bæjarreikningunum ár hvert.

### 4. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um bæinn, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á stofnæðum hinna eldri vatnsveitna, sem tengdar hafa verið við vatnsæðar vatnsveitu bæjarins.